



**Afgreiðslufundur Skipulagsfulltrúa, haldinn í í kjallara Ráðhúss, mánudaginn 24. ágúst 2026 og hófst hann kl. 16:21**

**Fundinn sátu:**, Brynjar Ólafsson starfsmaður, Dagný Hauksdóttir starfsmaður, Rannveig Ísfjörð starfsmaður

**Dagskrá:**

**1. Surtsey - Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir stækkun þýrlupallar - 202608060**

Vestmannaeyjabæ barst þann 26. júní 2026 umsókn um leyfi vegna stækkunar þýrlupalls í friðlandinu Surtsey. Núverandi þýrlupallur er 36 fermetrar og til stendur að stækka pallinn í um 100 fermetra, sbr. meðfylgjandi gögnum.

Íslenska ríkið er landeigandi Surtseyjar, Náttúruverndarstofnun fer með umsjón friðlandsins og Surtseyjarfélagið hefur umsjón með að efla rannsóknir í jarðvísindum og lífræði í eyinni. Eyjan tilheyrir lögumdæmi Vestmannaeyjabæjar sem fer með skipulagsyfirlit. Forsætisráðuneytið og Náttúruverndarstofnun hafa veitt samþykki vegna framkvæmdarinnar fyrir sitt leyti.

Umhverfis- og skipulagráð Vestmannaeyjabæjar samþykkti framkvæmdina fyrir sitt leyti á 443 fundi sínum sem halinn var þann 18. ágúst 2026 og fól skipulagsfulltrúa útgáfu framkvæmdaleyfis.

Lagt er fram framkvæmdaleyfi vegna framkvæmdarinnar ásamt fylgigögnum.

**Niðurstaða**

*Útgáfa framkvæmdaleyfis skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:29.**